



**Garðabær 1.02.2023**

Kvenfélag Garðabæjar fagnar um þessar mundir 70 ára afmæli.

Virðulegi forseti, og aðrir góðir gestir

Á tímamótum hæfir vel að líta yfir farinn veg því margt hefur á dagana drifið hjá félaginu okkar.

Kvenfélag Garðabæjar var stofnað 8. mars 1953. Þá hét kvenfélagið Kvenfélag Garðahrepps. Þá voru íbúar í Garðahreppi um 500. Ef við hugsum til þeirra aðstæðna sem þá ríktu hljótum við að dást að dagnaði og krafti kvennanna. Þær bjuggu í dreifbýli, við lélegar samgöngur, með sveitasíma, fáir sem áttu bíla og sjálfsagt mikil annríki og ómegð á mörgum heimilum. En konurnar sýndu djörfung og dug, þá eins og nú.

Fyrsti formaður félagsins var frú Úlfhildur Kristjánsdóttir, á Dysjum. Merki félagsins hannaði félagskonan Greta Håkansson.

Haustið 1954 tóku kvenfélagskonurnar fyrstu skóflustungu að viðbyggingu Garðaholts, sem hefur verið aðstaða félagsins frá stofnun þess.

Eitt af fyrstu verkefnum félagsins var að endurreisa Garðakirkju og var hún endurvígð af séra Sigurbirni Einarssyni biskupi hinn 20. mars 1966.

Mikill félagsauður er innan félagsins og þar hafa margar konur stigið sín fyrstu skref í félagsstörfum sem leitt hefur þær áfram til hasla sér völl í nefndum og ráðum, bæði innan bæjar og utan.

Námskeið í ræðumennsku, tölvunotkun, leiklist og alls konar handverki hafa verið vel sótt, gagnleg og gefandi og lyft undir frekari leit að þekkingu.

Kvenfélag Garðabæjar hefur alltaf verið mjög virkt félag og notið virðingar meðal almennings og annarra félaga. Allir Garðbæingar njóta góðs af sjálfboðaliðastarfi kvenfélagskvenna, á einn eða annan hátt

Á heimasíðunni okkar er hægt að skoða lista yfir gjafir og framlög sem einstaklingar, stofnanir og félög í Garðabæ og víðar hafa þegið úr okkar sjóðum. Ef það væri allt uppfært og framreiknað með vísitölu býst ég við að margan ræki í rogastans.

Aðal Fjáröflun félagsins og fastur liður í 17. júní hátíðarhöldum bæjarins er hátíðarkaffi hlaðborðið þar sem félagskonur vinna og leggja til allt meðlæti og taka á móti allt að 700 gestum. Það fer enginn svangur úr slíku boði.

Einkenni góðra kvenfélaga er að nýir félagar fái að njóta sín og komi með ferskan blæ inn í félagið um leið og grunngildin eru í heiðri höfð. Í dag eru félagskonur 142 talsins og njóta þess að láta gott af sér leiða, bæjarbúum og samfélaginu öllu til heilla.

Ég óska félagskonum í Kvenfélagi Garðabæjar og öllum og Garðbæingum til hamingju með 70 ára afmælið og megi það vaxa og dafna.

Nú lyftum við glösum og óskum kvenfélagskonum til hamingju með daginn því 1.febrúar er dagur kvenfélagskonunar.

Ég hef lokið máli mínu.  
S.Helena Jónasdóttir,formaður